

# Ársskýrsla safnaráðs 2019

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Ávarp framkvæmdastjóra.....	4
I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn.....	5
Hlutverk ráðsins .....	5
Ráðsmenn og framkvæmdastjóri .....	6
Aðalfulltrúar .....	6
Varafulltrúar.....	6
Fulltrúar höfuðsafna .....	6
Framkvæmdastjóri safnaráðs.....	6
II. Starf ráðsins á árinu 2019 .....	7
Fundir ráðsins.....	7
Skrifstofa safnaráðs.....	8
Uppgjör safnasjóðs 2019.....	8
Vefsíða safnaráðs .....	10
Umsóknavefur safnaráðs .....	10
Umsóknir í safnasjóð:.....	10
Skil til safnaráðs: .....	10
Valkvæð skil .....	10
III. Safnasjóður .....	11
Um safnasjóð 2019.....	11
Mat umsókna .....	12
Aðalúthlutun úr safnasjóði 2019.....	12
Áhersluefni fyrir aðalúthlutun 2019.....	12
Verkferli við aðalúthlutun 2019 flýtt.....	13
Aukaúthlutun úr safnasjóði 2019 .....	13
Símenntun fyrir starfsmenn safns:.....	13
Námskeið/fyrirlesarar .....	13
Samstarfsverkefni viðurkenndra safna: .....	14
Nýtt verklag við úthlutun úr safnasjóði frá og með 2020 .....	14
Starfshópur um viðurkenningu og styrkjamál.....	14
Vinnuferlið – viðhorfskönnun .....	14
Tillögur starfshóps.....	15
Nýtt verklag vegna úthlutana úr safnasjóði 2020 kynnt .....	15
IV. Viðurkenning safna .....	16
Skilmálar viðurkenningar safna .....	16
Viðurkenning safna 2019 .....	17

Stofnskrár viðurkenndra safna .....	17
V. Eftirlitshlutverk safnaráðs .....	18
1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns .....	18
2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum ...	19
3. hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum .....	19
Nýting styrkja úr safnasjóði.....	20
Nýtingarskýrslur verkefnastyrkja úr aðalúthlutun .....	20
Nýtingarskýrslur rekstrarstyrkja úr aðalúthlutun.....	20
Nýtingarskýrslur símenntunarstyrkja úr aukaúthlutun.....	20
Skýrslum skilað 2019.....	20
VI. Önnur hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum.....	22
Stefnumörkun um safnastarf .....	22
Vinna að stefnumörkun um safnastarf 2019 - 2020 .....	22
Stefnumörkun Listasafns Íslands á sviði listminja .....	22
Ábyrgðarsöfn.....	23
Grisjun safnkosts hjá viðurkenndum söfnum.....	23
VII. Önnur mál .....	24
MOI! Museums of Impact .....	24
Úthlutunarboð safnaráðs og sameiginlegur vörfundur höfuðsafnanna .....	25
Samstarf við ýmsa aðila .....	25
Ráðstefnur.....	25
A. Viðauki – listi yfir viðurkennd söfn 2019.....	26
B. Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2019 .....	28
a) Listi yfir úthlutanir safnasjóðs 2019.....	28
b) Greining á úthlutun úr safnasjóði 2019 .....	34
c) Safnasjóður 2002-2019.....	35
C. Viðauki – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2018 .....	36
a) Eignarhald / rekstrarform .....	36
b) Rekstrartekjur .....	37
c) Rekstrargjöld.....	39
d) Gestafjöldi.....	40
e) Aðgangseyrir .....	40
f) Starfsmannamál.....	41
g) Staða skráningar viðurkenndra safna .....	42

# Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2019 úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra alls 126.036.800 kr. úr safnasjóði til 169 styrkverkefna en það er næsthæsta heildarúthlutun úr safnasjóði frá upphafi. Í aðalúthlutun safnasjóðs í mars 2019 var úthlutað alls 113.850.000 kr., þar af voru veittir 85 verkefnastyrkir, alls 84.250.000 kr., auk þess sem 29.600.000 kr. var úthlutað í rekstrarstyrki til 37 viðurkenndra safna. Í aukaúthlutun safnasjóðs í lok desember 2019 voru veittar alls 12.186.800 kr. í 47 símenntunarstyrki viðurkenndra safna.

Framlag til safnasjóðs af fjárlögum var 142,5 m.kr. árið 2019, en það er 2,6% hækkun frá fyrra ári. Auk fjárlaga voru til ráðstöfunar 170 þ.kr. til eignakaupa og afgangsfé frá 2018 var 773 þ.kr. Safnasjóður hafði til umráða árið 2019 143.443.482 kr., í lögbundin hlutverk ráðsins fóru 4,9 m.kr. og í önnur rekstrargjöld 16,3 m.kr.


Safnaráð, ásamt 10 evrópskum safnastofnunum og söfnum, sóttu um í Creative Europe sjóðinn fyrir verkefnið *MOI! Museums of Impact* undir dyggri stjórn Finnish Heritage Agency (Museovirasto). Verkefnið hlaut styrk úr sjóðnum á árinu en heildarfjárhagsáætlun þess er 735.000 evrur. Verkefnið miðar að því að þróa sjálfsmatslíkan fyrir evrópsk söfn. Líkanið á að hjálpa söfnum að meta rekstur sinn á gagnrýnninn og skapandi hátt og þróa getu sína til að mæta kröfum samfélagsins. Lokaútgáfan verður gefin út á sjö tungumálum, meðal annars á íslensku, og verður öllum aðgengileg.

Stefnumörkun um safnastarf er eitt af meginverkefnum safnaráðs og skal hún unnin í samstarfi við höfuðsöfnin. Á árinu var samþykkt að setja á laggirnar stýrihóp til vinna að stefnumörkun safnaráðs um safnastarf. Í stýrihópnum sitja fyrir hönd safnaráðs, Helga Lára Þorsteinsdóttir, aðalmaður í safnaráði, og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs. Auk þeirra sitja forstöðumenn höfuðsafnanna eða fulltrúar þeirra. Samþykkt var að fá *Sjá ráðgjöf* að stefnumörkun í safnastarfi og hófst sú vinna í nóvember 2019. Stefnt er á að niðurstaða stefnumörkunar um safnastarf liggi fyrir haustið 2020.

Á árinu vann starfshópur að skýrslu um viðurkenningu safnaráðs og styrktegundir safnasjóðs þar sem m.a. voru skoðaðar og metnar þær styrktegundir sem safnasjóður býður upp á, hvernig þær nýtast söfnum og hvaða útfærsla tryggði besta nýtingu á almannafé. Starfshópurinn, í samstarfi við safnaráð, skilaði svo tilögum til mennta- og menningarmálaráðuneytis um ákveðnar breytingar á ferli styrkveitinga úr safnasjóði. Frá og með aðalúthlutun safnasjóðs 2020 verður því sú breyting á að úthlutun úr sjóðnum er óskipt. Fallið er frá notkun hugtakanna „rekstrar- og verkefnastyrkir“ og þess í stað verða veittir styrkir úr safnasjóði í ákveðnum flokkum. Styrkir í aðalúthlutun safnasjóðs verða annað hvort til **eins árs** eða til **2-3 ára** og eru þá kallaðir *Öndvegisstyrkir* til aðgreiningar. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði. Vonast er til þess að Öndvegisstyrkir muni auðvelda söfnum að leggja í stærri verkefni og hjálpa þeim að skipuleggja starf sitt til nokkurra ára í senn.

Á seinni hluta ársins bárust ráðinu góðar fréttir. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 kom fram að fjárveiting til safnasjóðs yrði aukin um rúmar 100 milljónir króna, í 250,3 m.kr. fyrir árið 2020, 245,5 m.kr. árið 2021 og 240,6 m.kr. árið 2022. Þessi aukna fjárveiting var svo samþykkt á Alþingi við afgreiðslu frumvarpsins og fagnar safnaráð þessari auknu fjárveitingu enda mun hún bæta/efla möguleika safnasjóðs til að styðja við faglegt safnastarf í landinu. Við bindum vonir við að þessi aukna fjárveiting muni verða til frambúðar, safnastarfi til góða.

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs



# I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn

## Hlutverk ráðsins

Safnaráð er stjórnáslunefnd sem skipuð er af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011.

Megin hlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr. safnalaga nr. 141/2011:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

## Ráðsmenn og framkvæmdastjóri

Núverandi safnaráð var skipað í janúar 2017 og mun starfa til 31. desember 2020.

### Aðalfulltrúar

Formaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:  
Dr. Ólafur Kvaran, listfræðingur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands.

Varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:  
Anna Sigríður Kristjánsdóttir, viðskiptafræðingur.

Fulltrúi, skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:  
Sigríður Björk Jónsdóttir, byggingarlistasögufraeðingur og sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun.

Fulltrúi, tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnmanna:  
Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna:  
Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur og safnstjóri RÚV safns.

### Varafulltrúar

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Birta Guðjónsdóttir.

Tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Magnús Karel Hannesson.

Tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnmanna: Gunnþóra Halldórsdóttir.

Tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna: Sigurður Trausti Traustason.

### Fulltrúar höfuðsafna

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Listasafns Íslands.

Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruinjasafns Íslands.

### Framkvæmdastjóri safnaráðs

Þóra Björk Ólafsdóttir, viðskiptafræðingur BSc., safnafræðingur MA.

## II. Starf ráðsins á árinu 2019

### Fundir ráðsins

Safnaráð hélt alls ellefu fundi á árinu. Átta þeirra voru haldnir í fundarstofu Safnahússins við Hverfisgötu, einn á Akureyri, einn í fundarstofu Arion banka og einn í Gimli. Fundargerðir safnaráðs eru aðgengilegar á vef ráðsins - <https://safnarad.is/um-safnarad/fundargerdir/arid-2019/>.

Eftirfarandi fundir voru haldnir 2019:

- 179. fundur safnaráðs – *úthlutunarfundur* - 11. janúar 2019
- 180. fundur safnaráðs – 1. febrúar 2019
- 181. fundur safnaráðs – 7. mars 2019
- 182. fundur safnaráðs – 9. apríl 2019
- 183. fundur safnaráðs – *starfsfundur og kynnisferð á Akureyri* – 3. - 4. júní 2019
- 184. fundur safnaráðs – 23. ágúst 2019
- 185. fundur safnaráðs – 27. september 2019
- 186. fundur safnaráðs – 17. október 2019
- 187. fundur safnaráðs – 19. nóvember 2019
- Aukafundur – *úthlutunarfundur aukaúthlutunar* - 6. desember 2019
- 188. fundur safnaráðs – 19. desember 2019



Mynd 1 - Haraldur Þór fræðir safnaráð

Á 183. fundi safnaráðs 3. - 4. júní 2019 fór ráðið ásamt forstöðumönnum höfuðsafnanna til Akureyrar og hélt þar starfsfund og fór í kynnisferð um söfn á svæðinu. Skipulag var í höndum framkvæmdastjóra og Haraldar Þórs Egilssonar, safnaráðsmanns og safnstjóra Minjasafnsins á Akureyri og eru honum færðar bestu þakkir fyrir. Fimm viðurkennd söfn voru heimsótt. Vel var tekið á móti ráðsmönnum sem fengu skemmtilegar og fróðlegar kynningar. Söfnin eru: Minjasafnið á Akureyri, Listasafnið á Akureyri, Flugsafnið á Akureyri, Iðnaðarsafnið á Akureyri og Safnasafnið á Svalbarðsströnd.

## Skrifstofa safnaráðs

Safnaráð rekur skrifstofu og sér framkvæmdastjóri safnaráðs um allt er lýtur að rekstri hennar, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, undirbýr og heldur utan um umsóknarferli í safnasjóð, skipuleggur eftirlit safnaráðs og eftirfylgni við það, heldur utan um starfshópa safnaráðs, sinnir vefsíðu, Facebook-síðu, viðburðum og útgáfu, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Skrifstofa safnaráðs er í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík. Safnaráð leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík og kaupir tölvubjónustu af Origo.

## Uppgjör safnasjóðs 2019

Safnasjóður hafði til umráða árið 2019 143.443.482 kr. Fjárlög hljóðuðu upp á 142.500.000 kr., heimild til eignakaupa var 170.597 kr. og afgangsfé til nýtingar frá árinu 2018 var 772.885 kr. Heimild fjárlaga hækkaði um 2,6% frá fyrra ári en fjárlög 2017 voru 138,9 m. kr.

Að jafnaði er leyfilegt að færa um 4% af rekstrarbundnu fé ársins á milli ára, en afgangur fyrra árs var lægri en sú upphæð. Rekstrarafgangur 2018 var 772.885 kr. en leyfður afgangur var 768.000 kr. og verður vel við það unað. Allur afgangur frá árinu 2018, eða 772.885 kr., fékkst þó nýttur.

Rekstur safnaráðs skiptist í launagjöld, annan rekstur og í lögbundin hlutverk. Launagjöld safnaráðs eru laun og launatengd gjöld vegna starfsmanns og nefndarlauna safnaráðs. Launakostnaður var alls 12,4 m.kr. árið 2019. Í kostnað vegna annars reksturs og húsnæðisreksturs fóru um 4 m.kr. Í því er falinn allur rekstur skrifstofu safnaráðs, húsnæðiskostnaður, tölvubúnaður, hugbúnaður og hugbúnaðarrektur, sérfræðikostnaður ýmiss konar, kostnaður og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna safnasjóðs, auk kostnaðar vegna sérverkefna safnaráðs, þar með talinn kostnaður vegna viðburða og útgáfu safnaráðs ásamt öðrum ófyrirséðum kostnaði.

Kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs árið 2019 var rúmar 4,9 m.kr. Þeir kostnaðarliðir, sem teljast til lögbundins hlutverks ráðsins, eru meðal annars eftirlit með viðurkenndum söfnum, kostnaður vegna yfirlesturs umsókna í safnasjóð auk ýmiss fræðslukostnaðar, svo sem efni fyrir vefsíðu sjóðsins.

Samkvæmt rekstraráætlun ársins var gert ráð fyrir um 118,6 m.kr. heildarúthlutun úr safnasjóði. Endanleg úthlutun úr safnasjóði var þó 126.036.800 kr., eða um 7,4 m.kr. hærri en fyrsta áætlun hljóðaði upp á. Aðalúthlutun safnasjóðs 2019 var 113.850.000 kr. og aukaúthlutun, símenntunarstyrkir til viðurkenndra safna, nam alls 12.186.800 kr. Úthlutunin er nánast samhljóða heildarúthlutun fyrri árs, en þá var heildarúthlutun 245.300 kr. hærri.

Bókaðir styrkir á árinu voru þó lægri en veittir styrkir, eða 119.048.660 kr. Skýringin er sú að símenntunarstyrkjum er úthlutað seint á árinu 2019 og því bókast margir þeirra ekki fyrr en 2020. Því verður rekstrarafgangur af árinu upp á 3.107.111 kr. sem nýta má árið 2020. Á móti kemur að raun niðurstaðan 2019 ætti að vera 147,3 m.kr. (126 m.kr. í styrki og 21,3 m.kr. í rekstur), sem þýðir rekstrarhalla á árinu upp á 3,9 m.kr. Það er hins vegar svo að uppsafnaðir, afþakkaðir styrkir til safnasjóðs<sup>1</sup> frá árunum 2016-2019 nema tæpum 3,2 milljónum króna. Það fé verður nýtt til að koma til móts við styrkveitingar ársins.

---

<sup>1</sup> Styrkverkefni sem styrkþegar ná ekki að vinna innan tímaramma eða að forsendur breytast svo að styrkþegar afþakka styrkinn.



<b>SAFNASJÓÐUR – 2019</b>		
	<b>Heimild</b>	<b>Greitt</b>
Fjárlög	142.500.000	
Eignakaup	170.597	
Flutt frá fyrra ári	772.885	
Rekstur – viðfang 02-918		
Greidd laun, fæðispeningar, launatengd gjöld		12.400.730
Lögbundin hlutverk safnaráðs		4.890.000
Annar rekstur		2.438.981
Húsnæðiskostnaður skrifstofu safnaráðs		1.558.000
<b>Samtals rekstur:</b>		<b>21.287.711</b>
<b>Samtals bókaðir styrkir 2019:</b>		<b>119.048.660</b>
Samtals heimild 2019	143.443.482	
Samtals greitt og bókað 31. desember 2019		<b>140.336.371</b>
Eftirstöðvar:		3.107.111

## Vefsíða safnaráðs

Vefsíða safnaráðs, <https://safnarad.is/>, sem var endurnýjuð árið 2017, er rekin í WordPress kerfi. Viðhaldi og ritstjórn er sinnt af framkvæmdastjóra safnaráðs en Jón Ingi Stefánsson vefhönnuður er framkvæmdastjóra innan handar. Hýsing síðunnar er hjá vefhýsingarfyrirtækinu 1984.

Vefsíðan er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Síðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins en þar er einnig að finna tengil á umsóknavef safnaráðs, skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins.

## Umsóknavefur safnaráðs

Vefsíða og eyðublað safnaráðs eru í stöðugri þróun til að bæta aðgengi og öryggi. Umsóknavefur safnaráðs<sup>2</sup>, sem byggir á kerfinu FocalForms frá Origo, var tekinn í notkun árið 2016 og hefur reynst vel. Þetta er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis, skrá umsækjendur sig inn í gegnum Ísland.is með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum Þjóðskrár. Þær umsóknir og skil sem fara í gegnum umsóknavefinn eru:

### Umsóknir í safnasjóð:

- Umsóknir um verkefnastyrki úr aðalúthlutun safnasjóðs.
- Umsóknir um rekstrarstyrki úr aðalúthlutun safnasjóðs.
- Umsóknir viðurkenndra safna um símenntunarstyrki úr aukaúthlutun safnasjóðs.

### Skil til safnaráðs:

- Árleg skýrsla viðurkenndra safna.
- Skýrslur um nýtingu styrkja
  - Áfangaskýrsla verkefnastyrkja
  - Lokaskýrsla verkefnastyrkja
  - Skýrsla um nýtingu rekstrarstyrkja
  - Skýrsla um nýtingu símenntunarstyrkja

### Valkvæð skil

- Umsókn um frest á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði.
- Yfirlitsskýrsla vegna umsóknar safns um viðurkenningu samkvæmt safnalögum nr. 141/2011.
- Yfirlitsskýrsla umsækjanda um rekstur safnsins.

Kerfið er einfalt og er sá möguleiki fyrir hendi að umsækjendur geti vistað umsóknir sínar og verið með fleiri en eina umsókn í vinnslu í einum auk þess sem umsækjendur geta fundið fyrri umsóknir sínar. Það auðveldar umsækjendum yfirllestur umsókna og samræmingu. Fyrir safnaráð er ótvíræður kostur að geta nálgast allar umsóknir og skil safna á einum stað, auk þess sem auðvelt er að kalla fram excel-skjöl umsókna og skila sem auðveldar til muna alla eftirvinnu.

---

<sup>2</sup> <https://safnarad.eydublod.is/Forms>



## III. Safnasjóður

Heildarúthlutun úr safnasjóði 2019 var 126.036.800 kr., en það er næsthæsta heildarúthlutun úr safnasjóði frá upphafi. Í aðalúthlutun safnasjóðs 2019 var úthlutað alls 113.850.000 kr., þar af voru veittir 85 verkefnastyrkir, alls 84.250.000 kr., auk þess sem 29.600.000 kr. var úthlutað í rekstrarstyrki til 37 viðurkenndra safna. Úr aukaúthlutun safnasjóðs 2019 voru veittar alls 12.186.800 kr. í 47 símenntunarstyrki viðurkenndra safna.

### Um safnasjóð 2019

Hlutverk og tilgangur safnasjóðs er að efla starfsemi safna með styrkjum. Viðurkennd söfn, önnur en söfn í eigu ríkisins, geta sótt um rekstrarstyrki til að efla starfsemi sína og öll viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.

Við úthlutun úr safnasjóði er farið eftir safnalögum nr. 141/2011<sup>3</sup>, úthlutunarreglum safnasjóðs<sup>4</sup> og einnig er fylgt verklagsreglum<sup>5</sup> við mat á umsóknum úr safnasjóði.

Að jafnaði er úthlutað úr safnasjóði tvisvar sinnum á ári, **aðalúthlutun úr safnasjóði** er síðla veturs eða að vori. Umsóknarfrestur fyrir þá úthlutun er í nóvember árið áður.

Í aðalúthlutun 2019 voru veittir tvenns konar styrkir:

- Viðurkennd söfn, önnur en söfn í eigu ríkisins, gátu sótt um rekstrarstyrki til sjóðsins til að efla starfsemi sína.
- Öll viðurkennd söfn og önnur verkefni tengd safnastarfi gátu sótt um styrki til skilgreindra verkefna.

---

<sup>3</sup> Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

<sup>4</sup> Sjá: <https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutunarreglur/>

<sup>5</sup> Sjá: <https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/>. Athugið: Verklagsreglum hefur verið breytt frá þeim sem voru í gildi við aðalúthlutun 2019.

**Aukaúthlutun safnasjóðs** er í desember ár hvert. Í aukaúthlutun safnasjóðs geta viðurkennd söfn sótt um verkefnastyrki tileinkaða faglegu starfi í safninu, síðustu ár hefur áherslan verið á símenntun. Tveir flokkar styrkja voru í boði árið 2019, *Símenntun fyrir starfsmenn safns* annars vegar og *Námskeið/fyrirlesarar* hins vegar og nýta mátti styrki innanlands jafnt sem erlendis.

- Verkefnastyrkur af tegundinni símenntunarstyrkur fyrir starfsmenn safns. Hvert safn gat að hámarki hlotið tvo styrki af þessum flokki og hver styrkur var að hámarki 300.000 kr.
- Verkefnastyrkur af tegundinni námskeið/fyrirlesarar. Safn gat sótt eitt um einn styrk í þessum flokki og hver styrkur var að hámarki 300.000 kr. Einnig gátu söfn sótt um í samstarfi, að hámarki 600.000 kr.

## Mat umsókna

Í matsnefnd umsókna sitja safnaráð og varamenn ef aðalmaður er vanhæfur. Að þessu sinni mátu umsóknir þau Ólafur Kvaran, Anna Sigríður Kristjánsdóttir, Helga Lára Þorsteinsdóttir og Sigríður Björk Jónsdóttir, aðalmenn í safnaráði og Gunnþóra Halldórsdóttir, varamaður í safnaráði. Þrír fundir voru haldnir vegna aðalúthlutunar áður en til sjálfs úthlutunarfundarins kom en fyrir aukaúthlutun var eingöngu fundað á úthlutunarfundi.

## Aðalúthlutun úr safnasjóði 2019

### Safnaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr aðalúthlutun safnasjóðs á árinu 2019

**Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2018**

Í aðalúthlutun safnasjóðs eru veittir bæði **verkefnastyrkir** og **rekstrarstyrkir**, upphæð og fjöldi veittra styrkja ræðst af ráðstöfunarfé sjóðsins auk fjölda og gæðum umsókna.

**Viðurkennd söfn** geta sótt um styrki úr safnasjóði, einnig er sjóðnum er heimilt að styrkja **aðra starfsemi** til að efla faglegt safnastarf.

#### Verkefnastyrkir:

Öll **viðurkennd söfn** geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja **aðra starfsemi** til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Önnur söfn, safnvisar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

Áhersluefni verkefnastyrkja fyrir næstu aðalúthlutun safnaráðs 2019 verða eftirfarandi:

- Börn og ungmenni
- Samstarfsverkefni, innanlands og utan
- Stafræn miðlun

Safnaráð veur þó athygli á því að allar umsóknir sem uppfylla skilyrði úthlutunarreglna verða teknar til umsagnar safnaráðs. Umsóknir með þessum áhersluefnum þurfa að uppfylla sömu skilyrði um gæði umsókna og aðrar.

#### Rekstrarstyrkir:

Eingöngu **viðurkennd söfn** geta sótt um rekstrarstyrk til sjóðsins til að efla starfsemi sína. Viðurkennd söfn í eigu ríkisins og viðurkennd söfn sem hljóta rekstrarstyrk á fjárlögum munu ekki hljóta rekstrarstyrk úr safnasjóði sama ár, en geta sótt um verkefnastyrki.

Umsóknum skal skila með því að fylla út rafrænt umsóknareyðublað á umsóknavef safnaráðs, sjá <https://safnarad.is>.

Nánari upplýsingar má finna á vef safnaráðs eða hjá framkvæmdastjóra safnaráðs, Þóru Björk Ólafsdóttur, [thora@safnarad.is](mailto:thora@safnarad.is).

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starf þeirra safna sem falla undir safnalög nr. 141/2011. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.



Safnaráð - safnasjóður - Gimli - Laekjargötu 3 - 101 Reykjavík - Sími 534 2234 - [safnarad@safnarad.is](mailto:safnarad@safnarad.is) - [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is)

## Áhersluefni fyrir aðalúthlutun 2019

Í 2. gr. úthlutunarreglna safnasjóðs er heimild fyrir því að safnaráð geti ákveðið hvort sjóðurinn leggi áherslu á ákveðna þætti safnastarfs í úthlutun verkefnastyrkja hvers árs og skal slík ákvörðun kynnt með auglýsingu í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti.

Safnaráð samþykkti í júní 2018 að áhersluefni verkefnastyrkja fyrir aðalúthlutun safnaráðs árið 2019 yrði eftirfarandi:

- Börn og ungmenni
- Samstarfsverkefni, innanlands og utan
- Stafræn miðlun°

## Verkferli við aðalúthlutun 2019 flýtt

Safnaráð hefur fengið nokkrar ábendingar í gegnum árin um að aðalúthlutun hvers árs fari fram nokkuð seint á árinu, þannig að söfn eiga í erfiðleikum með að skipuleggja og áætla næsta ár. Í ljósi þessara ábendinga ákvað safnaráð að flýta verkferli fyrir aðalúthlutun 2019 og matsferli svo að aðalúthlutun 2019 lægi fyrr fyrir. Markmiðið með breytingunum var að safnaráð yrði tilbúið með sína tillögu í kringum 15. janúar 2019.

Úthlutunarfundur safnaráðs var 11. janúar en þar var tillaga safnaráðs að úthlutun styrkja úr aðalúthlutun safnasjóðs árið 2019 samþykkt og send stuttu síðar mennta- og menningarmálaráðherra til endanlegrar ákvörðunar. Tilkynnt var um aðalúthlutun safnasjóðs 6. mars 2019.

Við gerð tillögunnar var farið eftir úthlutunarreglum safnasjóðs frá 1. júní 2016 og safnalögum nr. 141/2011 auk þess sem fylgt var verklagsreglum safnaráðs vegna mats á umsóknum í safnasjóð.

Opið var fyrir umsóknir úr aðalúthlutun safnasjóðs 2019 frá 15. október til 15. nóvember 2019. Alls bárust að þessu sinni umsóknir um 142 verkefnastyrki frá 50 aðilum og var heildarupphæð 191 m.kr. 37 viðurkennd söfn sóttu um rekstrarstyrki og var heildarupphæð umsókna um rekstrarstyrk 71,5 m.kr. Heildarumsóknarupphæð í aðalúthlutun safnasjóðs 2019 var 262,5 m.kr.

Að fenginni umsögn safnaráðs, úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra í mars alls 85 verkefnastyrkjum til 49 aðila, alls 84.250.000 kr., auk þess sem 29.600.000 kr. var úthlutað í rekstrarstyrki til 37 viðurkenndra safna.

Yfirlit yfir styrkveitingar úr aðalúthlutun safnasjóðs á árinu 2019 má finna í viðauka B, bls. 28.

## Aukaúthlutun úr safnasjóði 2019

Í aukaúthlutun safnasjóðs á síðasta ársfjórðungi geta viðurkennd söfn sótt um styrki til símenntunar, svokallaða símenntunarstyrki. Tilgangur með þessum styrkjum er að efla faglegt starf safnanna og þátt símenntunar. Tveir flokkar styrkja eru í boði; *Símenntun fyrir starfsmenn safns* annars vegar og *Námskeið/fyrirlesarar* hins vegar, nýta má styrki innanlands jafnt sem erlendis. Sama umsóknareyðublað er fyrir báða styrkflokka, merkt er við þann flokk sem við á. Þessa styrki skal nýta í síðasta lagi í desember 2020.

### Símenntun fyrir starfsmenn safns:

- Viðurkennd söfn geta í hvert sinn sent inn tvær umsóknir um styrki af flokknum Símenntun fyrir starfsmenn safns.
- Hvert safn getur að hámarki hlotið tvo styrki af þessum flokki.
- Símenntunarstyrk fyrir starfsmenn safns má nota t.d. til að sækja formlega menntun hérlendis eða erlendis (m.a. með skipulögðum námskeiðum eða heimsóknum) eða sem ferða- og uppihaldsstyrk til starfsmannaskipta safna.
- Hver styrkur er að hámarki 300.000 krónur.

### Námskeið/fyrirlesarar

- Söfn sækja ein um
- Viðurkennd söfn geta í hvert sinn sent inn eina umsókn um styrk af flokknum Námskeið/fyrirlesarar.
- Hvert safn getur að hámarki hlotið einn styrk af þessum flokki (sjá undantekningu vegna samstarfsverkefna viðurkenndra safna).
- Þessi flokkur styrks er ætlaður sem styrkveiting til námskeiðahalds eða fyrirlestra innanlands sem getur nýst stærri hóp safnafólks.
- Hver styrkur er að hámarki 300.000 krónur.

### Samstarfsverkefni viðurkenndra safna:

- Viðurkennd söfn geta einnig sótt um í samstarfi um styrk af flokknum Námskeið/fyrirlesarar. Þá er samstarfið á milli a.m.k. tveggja viðurkenndra safna, einnig geta fleiri aðilar verið þátttakendur í þessum styrkumsóknum.
- Sú umsókn hefur ekki áhrif á möguleika safnanna til að sækja um Námskeið/fyrirlesarar þegar þau sækja ein um.
- Þessi flokkur styrks er ætlaður sem styrkveiting til námskeiðahalds eða fyrirlestra innanlands sem getur nýst stærri hóp safnafólks.
- Ef söfn sækja um í samstarfi, getur hver styrkur verið að hámarki 600.000 krónur.

Opið var fyrir umsóknir fyrir aukaúthlutun safnasjóðs 2019 frá 25. október til 25. nóvember 2019. Tillaga safnaráðs um styrkveitingar var tekin fyrir á aukafundi safnaráðs þann 6. desember 2019 og í kjölfarið send mennta- og menningarmálaráðherra til endanlegrar ákvörðunar.

Í lok desember úthlutaði ráðherra símenntunarstyrkjum úr aukaúthlutun safnasjóðs, alls 12.186.800 kr. 29 viðurkennd söfn fengu úthlutað alls 47 símenntunarstyrkjum, frá 52.000 kr. til 300.000 kr. hver. Veittir voru 40 styrkir af tegundinni *Símenntun fyrir starfsmenn safns*, alls 10.166.800 kr. og 7 styrkir af tegundinni *Námskeið/fyrirlesarar*, alls 2.020.000 kr. Af þeim styrkjum var eitt verkefni samstarfsverkefni.

Yfirlit yfir styrkveitingar úr aukaúthlutun safnasjóðs á árinu 2019 má finna í viðauka B, bls. 28.

## Nýtt verklag við úthlutun úr safnasjóði frá og með 2020

### Starfshópur um viðurkenningu og styrkjamál

Á 176. safnaráðsfundi þann 9. október 2018 var samþykkt skipun starfshóps sem hafði það hlutverk að gera stöðumat á viðurkenningarferli safnaráðs og styrktegundum úr safnasjóði. Í starfshópinu voru skipuð Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs, Haraldur Þór Egilsson, safnaráðsmaður og safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri og Sif Jóhannesdóttir, verkefnastjóri og fyrrverandi forstöðumaður Menningar- miðstöðvar Þingeyinga. Á vinnutíma hópsins tók hlutverk hans nokkrum breytingum og færðist áherslu- efnið frá viðurkenningarferlinu til þeirrar megin áherslu að skoða og meta þær styrktegundir sem safna- sjóður býður upp á, hvernig þær nýtast söfnum og hvaða útfærsla tryggði besta nýtingu á almannafé.

Þetta voru þær spurningar sem starfshópurinn skyldi skoða:

1. N.k. stöðumat á viðurkenningarferli safna og skyldum safna og safnaráðs vegna viðurkenningarinnar.
2. Hvernig hefur viðurkenningarferlið reynst á undanförunum árum?
3. Styrktegundir og reynsla af þeim – hugmyndir um breytingar.
  - a. Rekstrarstyrkir
  - b. Verkefnastyrkir
  - c. Símenntunarstyrkir

### Vinnuferlið – viðhorfskönnun

Fyrir utan vinnu starfshópsins og fundahöld var send viðhorfskönnun á valinn hóp safnstjóra 13 viðurkenndra safna til að geta metið með einhverri vissu skoðun safnstjóra á efninu. Þeir safnstjórar voru valdir sem hafa unnið á sínu safni (eða öðru viðurkenndu safni) um nokkurra ára skeið og hafa reynslu af viðurkenningarferli safnaráðs og þeim styrktegundum sem eru í boði hjá safnasjóði. Undanfarin ár hefur verið þó nokkur endurnýjun á safnstjórum viðurkenndra safna, þannig hafa á árunum 2018-2019 13 nýir safnstjórar tekið við á viðurkenndum söfnum. Svör bárust við viðhorfskönnuninni frá sex safnstjórum.

Hópurinn fundaði frá lokum árs 2018 til vors 2019 og skilaði *Stöðuskýrslu - Viðurkenning safnaráðs og styrktegundir safnasjóðs* til safnaráðs á 183. fundi ráðsins í júní 2019 ásamt drögum að tillögum hópsins varðandi styrkjamál safnasjóðs. *Tillögur vegna styrkveitinga úr safnasjóði* voru lagðar fram og samþykktar á 185. safnaráðsfundi í september 2019.

### Tillögur starfshóps

Tillaga 1: Safnasjóður verði óskiptur.

Veittir styrkir úr safnasjóði og fallið frá hugtakanotkun um rekstrar- og verkefnastyrki.

Rekstrarstyrkir verði felldir inn í almenna úthlutun.

Tillaga 2: Öndvegisstyrkir.

Í aðalúthlutun verði til nýr flokkur styrkja sem úthlutað er til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins.

Tillaga 3: Símenntunarstyrkir verði festir í sessi og þeir eflidir.

### Nýtt verklag vegna úthlutana úr safnasjóði 2020 kynnt

Á vinnutíma starfshópsins var mennta- og menningarmálaráðuneyti upplýst um fyrirhugaða tillögugerð og voru tillögurnar sendar ráðuneytinu í september 2019. Ráðuneytið gerði ekki athugasemdir við breytingar á verklagi við umsóknarferli og úthlutun úr sjóðnum. Ráðið fékk einnig lögfræðilega aðstoð frá Áslaugu Björgvinsdóttur, hrl. hjá Logos, við vinnslu breytinganna og við ritun nýrra verklagsreglna.

Í nóvember 2019 var eftirtalin auglýsing birt á heimasíðu safnaráðs: „Frá og með aðalúthlutun safnasjóðs 2020 verður sú breyting á að úthlutun úr sjóðnum er óskipt. Fallið er frá notkun hugtakanna „rekstrar- og verkefnastyrkir“ og þess í stað verða veittir styrkir úr safnasjóði í ákveðnum flokkum. Styrkir í aðalúthlutun safnasjóðs eru annað hvort til **eins árs** eða til **2-3 ára** og eru þá kallaðir *Öndvegisstyrkir* til aðgreiningar. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði.“

Nýjar verklagsreglur sjóðsins má finna á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/>



## IV. Viðurkenning safna

### Skilmálar viðurkenningar safna

Mennta- og menningarmálaráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn utan höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu, vilji þau falla undir ákvæði safnalaga nr. 141/2011. Skilyrði viðurkenningar safna eru eftirfarandi samkvæmt 10. gr. safnalaga:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal sta rfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.



## Viðurkenning safna 2019



Skilmálar safnaráðs fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga voru staðfestir árið 2013. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur 2018 til 31. ágúst 2019.

Árið 2019 sótti eitt safn um viðurkenningu og tók safnaráð umsóknina fyrir á 186. fundi sínum þann 17. október 2019. 1. nóvember sendi safnaráð tillögu um afgreiðslu umsóknarinnar til mennta- og menningarmálaráðherra til lokaafgreiðslu. Ekki var komin niðurstaða í afgreiðslu umsóknarinnar í árslok 2019.

Á árinu starfaði *Starfshópur um viðurkenningu og styrkjamálaráð* sem hafði það hlutverk að gera stöðumat á viðurkenningarferli safnaráðs og styrktegundum safnasjóðs. Um starf hópsins má lesa í 3. kafla, á bls. 14.

Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki ráðsins. Einar Gylfason hannaði merkið. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi sinni.

## Stofnskrár viðurkenndra safna

Samkvæmt safnalögum tekur safnaráð við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar hjá ráðinu, verði gerðar á þeim breytingar. Safnaráð fer nú eftir nýjum gátlista við mat á umsóknum um viðurkenningu.

Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda og hafa nokkrar stofnskrár verið endurbirtar að beiðni Stjórnartíðinda.

# V. Eftirlitshlutverk safnaráðs

Eitt megin hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þrjúþætt en einnig teljast skýrslur um nýtingu styrkja úr safnasjóði hluti af eftirliti safnaráðs. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum skiptist í:

1. Eftirlit með rekstri safns.
2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum.
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.

Á 180. safnaráðsfundi var samþykkt að forstöðumenn viðurkenndra safna skuli skila inn til safnaráðs *Tilkynningu um breytingu á starfsemi viðurkennds safns* ef breyting verður á starfsemi safnsins. Tilkynningin er byggð á umsókn um viðurkenningu safns og á hún bæði að þjóna þeim tilgangi að upplýsa safnarád um þær breytingar sem snerta skilmála viðurkenndra safna, auk þess að vera söfnum gátlisti um að breytingin uppfylli skilmálana og hafi því ekki áhrif á viðurkenninguna.

Nánari upplýsingar um eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum má finna á vef safnaráðs<sup>6</sup>.

Staða nokkurra viðurkenndra safna var rædd á fundum safnaráðs á árinu en færst hefur í aukana að eigendur viðurkenndra safna virðist ekki gera sér fullljóst hvaða kröfur viðurkennd söfn þurfa að uppfylla. Í þessu samhengi voru rædd málefni fjögurra viðurkenndra safna á landinu.

## 1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns

*Eftirlit með rekstri* safns er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs. Samkvæmt safnalögum ber söfnum að skila árlegri skýrslu um starf sitt til safnaráðs og er það liður í fyrsta hluta eftirlits safnaráðs. Skýrslunni er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs og var skilafrestur árið 2019 fyrir árlega skýrslu safna vegna rekstrarársins 2018 31. október 2019.

Gögn, sem safnað er með þessum hætti, nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu. Greining á gögnunum birtist í viðauka C með þessari skýrslu á bls. 36.

<sup>6</sup> Sjá: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/eftirlit-med-vidurkenndum-sofnum/>

## 2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

Öðrum hluta eftirlitsins, *Eftirlit með húsakosti safnsins, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum*, var ýtt úr vör á árinu 2016. Þessi hluti eftirlitsins var þróaður í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja, og fer fram á nokkurra ára fresti. Eftirlitið er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs og er verkferli nú þróað í samstarfi við hana.

Ferlið við þennan hluta eftirlitsins er með þeim hætti að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum til safnaráðs sem eftirlitsnefndin fer yfir. Í kjölfarið fá söfnin matsskýrslu eftirlitsnefndar með athugasemdum og tillögu að úrbótum.

Úrbótum er skipt í þrjá flokka eftir eðli og kostnaði. Safn fær 12 mánuði til að bregðast við úrbótum sem að mati eftirlitsaðila eru ekki kostnaðarsamar. Safn fær 2 ár eða 5 ár til að bregðast við úrbótum sem teljast viðameiri. Safnaráð áskilur sér rétt til að skera úr um annan tímaramma til úrbóta ef þörf krefur og ef frekari upplýsingar berast. Um það bil tveimur árum eftir að matsskýrslu hefur verið skilað til safna er kallað eftir upplýsingum um úrbætur og þá er metið hve vel hafi tekist til. Ef nauðsyn ber til, er gerð nánari könnun á aðstæðum, með heimsókn eftirlitsaðila í safnið. Ef safnaráð og eftirlitsnefndin telja að safnið hafi staðist eftirlitið, fær það tilkynningu þess efnis. Ef frekari úrbætur eru nauðsynlegar, eru næstu skref metin af safnaráði.

Þetta verklag hefur reynst vel, söfn eru almennt jákvæð í garð þessa eftirlits og eyðublöðin nýtast einnig sem gátlisti fyrir söfnin. Þá hefur eyðublaðið vonandi nýst viðurkenndum söfnum sem verkfæri til að styðja við faglegt innra starf. Nokkur dæmi eru um það að viðurkennd söfn hafa lagt matsskýrsluna fyrir eigendur og í kjölfarið fengið frekari fjármagn til nauðsynlegra breytinga eða úrbóta.

Í eftirlitsnefnd safnaráðs eru eftirtaldir forverðir:

- Nathalie Jaqueminet
- Ingibjörg Áskelsdóttir
- Karen Þóra Sigurkarlsdóttir
- Kristín Gísladóttir
- Þórdís Baldursdóttir

Áætlað var að sex söfn fengu tilkynningu um eftirlit árið 2019, en þar sem aðstæður hjá mörgum þeirra var óhentug (t.d. tímabundin breytingaferli eða forstöðumaður var í leyfi) var því frestað til 2020. Nú hafa því 38 söfn af 46 viðurkenndum söfnum farið í gegnum eftirlit safnaráðs, þar af fengu tvö þeirra matsskýrslur ráðsins árið 2019. Þau átta sem eftir standa, fá flest tilkynningu um eftirlit árið 2020.

Þessu eftirliti lýkur með heimsókn frá eftirlitsnefnd. Verkferli við það er í lokavinnslu og hófst með vorinu 2020. Hönnunarsafn Íslands féllst á að vera tilraunadyr í þróun lokastigsins og þakkar safnaráð því fyrir samstarfið.

## 3. hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

Eftirliti með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum er framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og gögnum eftir þörfum.

Á 187. safnaráðsfundi var samþykkt eftirfarandi fyrsti þáttur í verkferli vegna 3. hluta eftirlits með viðurkenndum söfnum, þ.e. *Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum*.

Eftirlit með skráningu gripa er unnið á tvennan hátt:

- **Símat – eftirlit með skráningum sem eru unnar með styrkjum úr safnasjóði.** Þessi þáttur hefst með umsóknarferli í safnasjóð 2020. Í því felst m.a. að skráningarumsóknir þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur til að teljast styrkhæfar. Því er óskað eftir auknum upplýsingum í umsóknum um styrki til skráningar. Með umsókn í safnasjóð vegna skráninga í Sarp, skuldbindur umsækjandi sig

til að fylgja reglum sem gilda um skráningu í Sarp og setja sig í samband við viðeigandi þjónustuaðila áður en verkefnavinnan hefst.

Ef styrkur fæst, fá styrkþegar sendar nánari upplýsingar um þau skilyrði sem skráningarstýrkir þurfa að uppfylla til að standast eftirlit safnaráðs með skráningu.

- Unnar skráningar – eftirlit með skráningum safngripa almennt. Þessi hluti verður nánar útfærður síðar.

Á áðurnefndum fundi safnaráðs var einnig samþykkt að óska eftir því við Rekstrarfélag Sarps að skráningarráð Sarps yrði samstarfsaðili safnaráðs vegna þriðja hluta eftirlits. Það kæmi þá að gerð gátlista/staðals um skráningu og þróun á verkferli við eftirlitið.

## Nýting styrkja úr safnasjóði

Styrkþegar úr safnasjóði þurfa að skila skýrslu til safnaráðs um nýtingu allra styrkja úr safnasjóði. Öllum skýrslum um nýtingu styrkja er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs<sup>7</sup>. Skýrslunum skal skilað í síðasta lagi ári eftir að verkefni lýkur en mælt er til að styrkþegar skili skýrslum um leið og verkefni lýkur.

Á 182. safnaráðsfundi var samþykkt að beðið væri með greiðslur samskonar styrkja til styrkþega, ef nýtingarskýrslum hefur ekki verið skilað.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða ef lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis. Ef styrkþegi þarf að óska eftir fresti á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði, má finna eyðublað vegna þess á umsóknavef safnaráðs. Framkvæmdastjóri getur veitt frest í samráði við formann safnaráðs.

## Nýtingarskýrslur verkefnastyrkja úr aðalúthlutun

*Áfangaskýrsla:* Styrkþegar verkefnastyrkja skila *áfangaskýrslu* til safnaráðs vegna þeirra styrkja sem eru 1.500.000 kr. eða hærrí. Þeirri skýrslu skal skilað í síðasta lagi í byrjun næsta árs á eftir styrkárinu.

*Lokaskýrsla:* Allir styrkþegar skila *lokaskýrslu* sem er með svipuðu sniði og fyrri nýtingarskýrsla verkefnastyrkja var. Þetta gilti frá og með þeim verkefnastyrkjum sem veittir voru árið 2018. Greiðsla styrkja verður þó ekki áfangaskipt að sinni.

## Nýtingarskýrslur rekstrarstyrkja úr aðalúthlutun

2019 var fyrsta árið sem styrkþegar þurftu að skila skýrslum vegna rekstrarstyrkja og er það vegna rekstrarstyrkja sem veittir voru árið 2017. Á 182. safnaráðsfundi var svo samþykkt að nýtingarskýrsla rekstrarstyrkja 2018 verði liður í *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna 2019*.

## Nýtingarskýrslur símenntunarstyrkja úr aukaúthlutun

Símenntunarstýrkir eru veittir í lok hvers árs að jafnaði, til nýtingar út næsta ár. Styrkþegar skila skýrslu um nýtingu símenntunarstyrkja á fyrsta ársfjórðungi ársins þar á eftir.

## Skýrslum skilað 2019

*Nýtingarskýrsla vegna rekstrarstyrkja árið 2017.* Árið 2017 voru veittar 25,1 m.kr. í rekstrarstyrki til 38 safna. Skilafrestur nýtingarskýrslna var til 15. mars 2019 og allar skýrslur bærust á tilsettum tíma.

*Nýtingarskýrsla vegna verkefnastyrkja árið 2017.* Árið 2017 voru veittar 72,2 m.kr. til 86 verkefna í aðalúthlutun og var skilafrestur á nýtingarskýrslum til 30. apríl 2019. 83 skýrslur um nýtingu verkefnastyrkja árið 2017 hafa borist og þrjú verkefni fengið frest út árið 2020.

<sup>7</sup> Sjá: <https://safnarad.is/umsoknavefur/>

*Nýtingarskýrsla vegna símenntunarstyrkja 2017.* Árið 2017 voru veittir 35 styrkir að upphæð 9,2 m.kr. Skilafrestur var til 15. mars 2019, 33 skýrslur bárust og 2 styrkir voru afþakkaðir.

*Áfangaskýrsla vegna verkefnastyrkja 2018.* Árið 2018 fengu 23 verkefni styrk 1.500.000 kr. eða hærri. Skilafrestur áfangaskýrslu var til 20. mars 2019. Safnaráð staðfesti móttöku þeirra 22 áfangaskýrslna sem borist hafa en einn styrkur var afþakkaður.

*Nýtingarskýrsla vegna rekstrarstyrkja árið 2018.* Árið 2018 voru veittar 24,1 mkr. í rekstrarstyrki til 35 viðurkenndra safna. Skilafrestur nýtingarskýrslu var í október 2019, með *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna 2019* og bárust þær allar.

Fjármagn sem hefur safnast saman vegna afþakkaðra styrkja, var nýtt til aukaúthlutunar 2019.

Auk fyrrnefndra skýrslna, bárust einnig allar skýrslur vegna verkefna sem höfðu fengið frest árið áður.



# VI. Önnur hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum

## Stefnumörkun um safnastarf

Í safnalögum nr. 141/2011 segir að eitt af verkefnum safnaráðs sé: „b) að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar“. Unnin var hugmyndavinna að stefnumörkun um safnastarf árin 2013-2015 og árið 2018 fjallaði safnaráð um framhald þeirrar vinnu og samstarf við höfuðsöfn í því sambandi. Stefnumörkun safnaráðs um safnastarf skal vinna í samvinnu við stefnumörkun höfuðsafnanna. Í 8. grein safnalaga segir: „Höfuðsöfn eru þrjú: Listasafn Íslands, Náttúru-minjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.“ Þjóðminjasafn Íslands gaf út þriðju safnastefnu sína<sup>8</sup> í apríl 2017. Náttúruminjasafn Íslands er langt komið með vinnu að safnastefnu á sviði náttúruminja og Listasafn Íslands hóf vinnu að stefnu á sviði listminja árið 2019.

## Vinna að stefnumörkun um safnastarf 2019 - 2020

Á 182. fundi safnaráðs var samþykkt að setja á laggirnar stýrihóp til vinna að stefnumörkun safnaráðs um safnastarf. Í stýrihópnum sitja fyrir hönd safnaráðs Helga Lára Þorsteinsdóttir aðalmaður í safnaráði og Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri. Auk þeirra sitja forstöðumenn höfuðsafnanna eða fulltrúar þeirra. Samþykkt var að fá Sjá ráðgjöf að stefnumörkun í safnastarfi og hófst sú vinna í nóvember 2019. Stefnt er á að niðurstaða stefnumörkunar um safnastarf liggi fyrir haustið 2020.

## Stefnumörkun Listasafns Íslands á sviði listminja

Framkvæmdastjóri safnaráðs situr einnig í stýrihóp fyrir stefnumörkun Listasafns Íslands á sviði listminja, ásamt Hörpu Þórsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands og Dagnýju Heiðdal, varðveisl- og skráningarstjóra Listasafns Íslands.

---

<sup>8</sup> Sjá: [https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm\\_A4\\_Safnastefna\\_2017\\_WEB\\_120dpi.pdf](https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm_A4_Safnastefna_2017_WEB_120dpi.pdf)

## Ábyrgðarsöfn

Árið 2015 voru drög að tillögu starfshóps safnaráðs um verklag við val á ábyrgðarsöfnum send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Árið 2018 var tillagan rædd að nýju og ákveðið að senda tillöguna óbreytta aftur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem samþykkti hana.

## Grisjun safnkosts hjá viðurkenndum söfnum

Eitt af hlutverkum safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 (sjá f-lið 7. gr.) er „...að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa“. Það er í samræmi við 17. gr. sömu laga þar sem segir: „Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grísa safnkost á grundvelli grísunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir. Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.“ Engar beiðnir um grísun safngripa voru lagðar fram á fundum safnaráðs á árinu 2019.

## VII. Önnur mál

### MOI! Museums of Impact



MOI! Museums of Impact er evrópskt samstarfsverkefni sem safnaráð tekur þátt í. Verkefnið miðar að því að þróa sjálfsmatslíkan fyrir evrópsk söfn. Líkanið hjálpar söfnum að meta rekstur sinn á gagnrýnn og skapandi hátt og þróa getu sína til að mæta

kröfum samfélags í þróun, samfélags sem verður sífellt fjölbreyttara, stafrænna og eldra.

Líkanið verður þróað með röð samvinnunámskeiða (e. *cooperation workshops*). Í öllu ferlinu verður líkanið prófað á fjölda tilraunasafna til að þekking og þarfir hagsmunaaðila verði hluti af því. Reglulega verða haldnir umræðufundir hagsmunaaðila þar sem þróunaraðilar og söfn hittast til opinna samræðna. Lokaútgáfa líkansins verður gefin út á sjö tungumálum ásamt leiðbeiningum og kynningarefni, meðal annars á íslensku. Líkanið verður öllum aðgengilegt.

### Eftirfarandi 11 stofnanir vinna saman að þróun líkansins:


Finnish Heritage Agency, Finnland  
BAM! Strategie Culturali, Ítalía  
Hellenic Ministry of Culture and Sports (gríska menningar- og íþróttamálaráðuneytið), Grikkland  
Deutscher Museumsbund/NEMO Network of Museum Organisations, Þýskaland  
Museum of Cycladic Art, Grikkland  
Estonian National Museum/Eesti Rahva Muuseum, Eistland  
Finnish Museums Association, Finnland  
European Museum Academy, Holland  
Safnaráð, Ísland  
Stiftung Preussischer Kulturbesitz SPK, Þýskaland  
MUSIS Steirischer Museumsverband, Austuríki



Verkefnið hófst í desember 2019 og stendur fram í mars 2022. MOI! er styrkt af Creative Europe Program (COOP2). Heildarfrjárhagsáætlun þess er 735.000 evrur. Finnish Heritage Agency (Museovirasto) er umsjónaraðili verkefnisins.

Facebook-síða verkefnisins er á eftirfarandi slóð: <https://www.facebook.com/museumsofimpact/>. Þar er hægt að fylgjast með framvindu verkefnisins.

## Úthlutunarboð safnaráðs og sameiginlegur vöfundur höfuðsafnanna



Úthlutunarboð safnaráðs var haldið í Listasafni Íslands mánudaginn 29. apríl 2019 í kjölfar sameiginlegs [vöfundar höfuðsafnanna](#); [Listasafns Íslands](#), [Náttúruminjasafns Íslands](#) og [Þjóðminjasafns Íslands](#). Þessi fyrsti sameiginlegi vöfundur höfuðsafnanna hafði yfirskriftina *Barnamenning* og var mikill samhlómur með þeirri yfirskrift og þeim áhersluatriðum sem voru í aðalúthlutun safnasjóðs 2019 sem voru *Samstarfsverkefni*, *innanlands og utan*, *Stafræn miðlun* og *Börn og ungmenni*.

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs var fundarstjóri vöfundarinnar.

Í Úthlutunarboðinu var styrkþegum verkefnastyrkja úr safnasjóði 2019 afhent viðurkenningarskjöl og blóm. Úthlutað var úr safnasjóði í fyrsta skipti árið 2002 og því er þetta átjándi árið sem styrkjum er veitt úr sjóðnum. Heildarúthlutun þessi 18 ár hefur verið 1.604 m.kr. og styrkirnir 1854 talsins.

## Samstarf við ýmsa aðila

**Rannsóknamiðstöð ferðamála.** Á 182. safnaráðsfundi var samþykkt að ganga til samstarfs við Rannsóknamiðstöð ferðamála um rannsóknir á menningu, söfnum og ferðapjónustu. Í því samhengi óskaði miðstöðin eftir aðgengi að þeim gögnum safnaráðs sem myndu nýtast við rannsóknar- og greiningarvinnu, t.a.m. upplýsingar sem safnaráð safnar um gestafjölda, aðgangseyri og opnunartíma.

**Félag íslenskra safnmanna og safna og ICOM á Íslandi.** Á 185. safnaráðsfundi var samþykkt fara í samstarf við FÍSOS og ICOM Ísland um umræðufundi um nýja safnaskilgreiningu ICOM.

**Fagráð lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu.** Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs hefur settið fyrir hönd safnaráðs í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu frá árinu 2017. Fagráðið fundar þrisvar sinnum á ári hið minnsta, en á árinu urðu stefnubreytingar hjá Íslandsstofu, þannig að starfsemi ráðsins verður í breyttri mynd í framtíðinni.

## Ráðstefnur

Framkvæmdastjóri safnaráðs fór á alheimsráðstefnu ICOM sem var haldin í Kyoto í Japan 1. – 7. september síðastliðinn. Hún sótti fyrirlestra á vegum INTERCOM, sem er undirdeild ICOM um stjórnun og rekstur safna. Aðalræðuefni ráðstefunnar var þó hin nýja safnaskilgreining en til stóð að kjósa um hana á ráðstefnunni. Frá því var þó horfið og kosningu frestað til næsta aðalfundar ICOM.

Á Farskóla safnmanna sem haldinn var á Patreksfirði 2. – 5. október kynnti framkvæmdastjóri nýja verkefna við úthlutun úr safnasjóði.

# A. Viðauki – listi yfir viður- kennd söfn 2019

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Árnesinga	Menningarminjasafn	Suðurland
Byggðasafn Borgarfjarðar	Blönduð starfsemi	Vesturland
Byggðasafn Dalamanna	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Garðskaga	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Skagfirðinga	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Vestfjarða	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Byggðasafnið Görðum, Akranesi	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafnið Hvoll	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafnið í Skógum	Menningarminjasafn	Suðurland
Flugsafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Grasagarður Reykjavíkur	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Hafnarborg	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Heimilisiðnaðarsafnið	Menningarminjasafn	Norðurland
Hvalasafnið á Húsavík	Náttúruminjasafn	Norðurland
Hönnunarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Iðnaðarsafnið Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland

<b>Landbúnaðarsafn Íslands</b>	Menningarminjasafn	Vesturland
<b>Listasafn ASÍ</b>	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
<b>Listasafn Árnesinga</b>	Listasafn	Suðurland
<b>Listasafn Háskóla Íslands</b>	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
<b>Listasafn Reykjanesbæjar</b>	Listasafn	Suðurnes
<b>Listasafn Reykjavíkur</b>	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
<b>Listasafnið á Akureyri</b>	Listasafn	Norðurland
<b>Menningarmiðstöð Hornafjarðar</b>	Blönduð starfsemi	Suðurland
<b>Menningarmiðstöð Þingeyinga</b>	Blönduð starfsemi	Norðurland
<b>Minjasafn Austurlands</b>	Menningarminjasafn	Austurland
<b>Minjasafn Egils Ólafssonar</b>	Menningarminjasafn	Vestfirðir
<b>Minjasafnið á Akureyri</b>	Menningarminjasafn	Norðurland
<b>Minjasafnið á Bustarfelli</b>	Menningarminjasafn	Austurland
<b>Náttúrufræðistofa Kópavogs</b>	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
<b>Nýlistasafnið</b>	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
<b>Safnasafnið</b>	Listasafn	Norðurland
<b>Sagnheimar</b>	Menningarminjasafn	Suðurland
<b>Sauðfjársetur á Ströndum</b>	Menningarminjasafn	Vestfirðir
<b>Síldarminjasafn Íslands</b>	Menningarminjasafn	Norðurland
<b>Sjóminjasafn Austurlands</b>	Menningarminjasafn	Austurland
<b>Sæheimar Fiskasafn</b>	Náttúruminjasafn	Suðurland
<b>Tækniminjasafn Austurlands</b>	Menningarminjasafn	Austurland
<b>Veiðisafnið</b>	Náttúruminjasafn	Suðurland

## B. Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2019

Árið 2019 úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra, að fenginni umsögn safnaráðs, alls 126.036.800 kr. úr safnasjóði. Í aðalúthlutun safnasjóðs 2019 í mars var úthlutað alls 113.850.000 kr., þar af voru veittir 85 verkefnastyrkir (alls 84.250.000 kr.) auk þess sem 29.600.000 kr. var úthlutað í rekstrarstyrki til 37 viðurkenndra safna.

Alls bárust 142 verkefnaumsóknir og veittir styrkir voru á bilinu 300.000 kr. til 2,5 m.kr. Í aukaúthlutun safnasjóðs 2019 var úthlutað alls 12.186.800 kr. í 47 símenntunarstyrki viðurkenndra safna

### a) Listi yfir úthlutanir safnasjóðs 2019

Umsækjandi Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkupp hæð
<b>Blái skjöldurinn</b>		<b>700.000</b>
Málþing á vegum Bláa skjaldarins á Íslandi	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	700.000
<b>Borgarsögusafn Reykjavíkur</b>		<b>7.750.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Álfhóll á Árbæjarsafni	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	1.500.000
Gamall siður og nýr - Hrekkjavaka á Árbæjarsafni	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	700.000
Sigurhans Vignir – Stafræn miðlun menningararfs	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	1.200.000
Söðuláklæði á Borgarsögusafni Reykjavíkur	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	800.000
Uppgötvaðu Árbæjarsafn – Stafræn leiðsögn og ratleikur um safnið	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	1.350.000
Þráður. Undirbúningur námskeiðs á sviði textíls.	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	800.000
Alþjóðlegt tengslanet útisafna	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
Fræðsluteymi Borgarsögusafns	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Byggðasafn Árnesinga</b>		<b>3.050.000</b>
- Rekstrarstyrkur		1.000.000
Rófubóndinn – sumarsýning	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	550.000
Varðveisla safngripa til framtíðar	Aðalúthlutun – verkefnastyrkur	900.000
Fræðsluferð á Íslendingaslóðir í Wisconsin í Bandaríkjunum	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000

Umsækjandi Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkupphæð
Sýningar í York, Englandi, í febrúar 2020	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Byggðasafn Borgarfjarðar</b>		<b>1.930.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Vinna við safnkost	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Farskóli 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	230.000
<b>Byggðasafn Dalamanna</b>		<b>1.500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		500.000
Framtíðarhúsnæði Byggðasafns Dalamanna	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.000.000
<b>Byggðasafn Hafnarfjarðar</b>		<b>3.811.800</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Gönguleiðir og app (vinnuheiti)	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Snertisafn - snertifræðsla	Aðalúthlutun - verkefnastykur	700.000
Þemasýning í Pakkhúsi - Í skjóli klausturs (vinnu- heiti)	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.200.000
Ráðstefna og skoðunarferð til Hamborgar og Lu- beck (ICOM Deutschland: Danish-German Conference)	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	211.800
<b>Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna</b>		<b>2.637.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Bátar á flugi	Aðalúthlutun - verkefnastykur	600.000
Heyskapur í Tungunesi	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.000.000
Símenntun starfsmanna -farskóli	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	185.000
Símenntun starfsmanna -Námskeið í Sarp	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	52.000
<b>Byggðasafn Reykjanesbæjar</b>		<b>800.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
<b>Byggðasafn Skagfirðinga</b>		<b>4.500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		1.000.000
Fullnaðarskráning safnmuna og ljósmynda í Sarp	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Safn og samfélag	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.200.000
Samstarf viðurkenndra safna á Norðurlandi vestra	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Farskóli FÍSOS 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Náms- og kynnisferð til Reykjavíkur	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	200.000
<b>Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið</b>		<b>3.300.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Fyrirlestraröð fyrir börn og ungmenni	Aðalúthlutun - verkefnastykur	500.000
Miðlun fastasýningar með smáforriti	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.100.000
Skotthúfan 2019	Aðalúthlutun - verkefnastykur	600.000
Farskóli FÍSOS 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Byggðasafn Vestfjarða</b>		<b>3.810.000</b>
- Rekstrarstyrkur		500.000
Lifandi Vélsmiðja G.J.S.og vinnustofur á Þingeyri.	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.100.000
Skráning í Sarp, rannsókn og grisjun á safnkosti.	Aðalúthlutun - verkefnastykur	2.000.000
Farskóli safnmanna og skráning muna - Sarpur	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	210.000

Umsækjandi Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkupp hæð
<b>Byggðasafnið Görðum, Akranesi</b>		<b>3.900.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Hljóðleiðsögn um nýja grunnsýningu Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi	Aðalúthlutun - verkefnastykur	2.500.000
Náms- og kynnisferð á söfn í Brussel, Belgíu	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Námsferð um safnfræðslu og stafræna miðlun á söfnum í Brussel, Belgíu	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Byggðasafnið Hvoll</b>		<b>1.200.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Safnfræðsla (kennsluefni)	Aðalúthlutun – verkefnastykur	400.000
<b>Byggðasafnið í Skógum</b>		<b>2.700.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Forvarsla textíla	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Fyrirbyggjandi forvarsla og miðlun safnkosts í Skógasafni 2019	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.000.000
<b>Félag íslenskra safna/safnmanna</b>		<b>3.900.000</b>
Farskóli FÍSOS 2019 - Patreksfjörður	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.800.000
Námskeið fyrir safnafólk: Varðveisla safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra	Aðalúthlutun - verkefnastykur	400.000
Safnadagurinn 2019	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.000.000
Safnblaðið Kvistur - 6. tbl.	Aðalúthlutun - verkefnastykur	700.000
<b>Flugsafn Íslands</b>		<b>850.000</b>
100 ára afmæli flugs á Íslandi	Aðalúthlutun - verkefnastykur	850.000
<b>Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs</b>		<b>3.900.000</b>
- Rekstrarstyrkur		1.000.000
List í almenningsrými - Kópavogsbær	Aðalúthlutun - verkefnastykur	600.000
Skapandi virkni - Fullt af litlu fólki	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.100.000
Skráð fyrir opnum dyrum	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Heimsókn á samtímalistasöfnin Louisiana og AROs	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Gljúfrasteinn - hús skáldsins</b>		<b>1.600.000</b>
Ástand listaverka – metið og skráð	Aðalúthlutun - verkefnastykur	700.000
Barn náttúrunnar – rithöfundur í 100 ár	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
<b>Grasagarður Reykjavíkur</b>		<b>2.500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		1.000.000
Rafræn staðsetning safngripa Grasagarðsins í kortagrunni	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.200.000
Starfsmannaskipti í Kew Gardens 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Hafnarborg</b>		<b>5.200.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Hönnun og framleiðsla á sýningu um ævistarf Guðjóns Samúelssonar húsameistara	Aðalúthlutun - verkefnastykur	2.000.000
Ljósmyndun safnkosts	Aðalúthlutun - verkefnastykur	800.000
Undirbúningur sýningar í samvinnu við Nuuk Kunstmuseum	Aðalúthlutun - verkefnastykur	700.000
Farskóli í Vestmannaeyjum	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Gerð geymsluskrár - sérhæfðir starfsdagar	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000

Umsækjandi Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkupphæð
Museum Next í Edinborg	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Heimilisiðnaðarsafnið</b>		<b>2.550.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Að koma ull í fat: Vefsýning fyrir grunnskólabörn	Aðalúthlutun - verkefnastykur	500.000
Ljósmyndun (stafræn miðlun)	Aðalúthlutun - verkefnastykur	650.000
Varðveisla	Aðalúthlutun - verkefnastykur	300.000
Ferða- og fundarstyrkur	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Hvalasafnið á Húsavík</b>		<b>1.100.000</b>
Skráning safngripa á Sarp	Aðalúthlutun – verkefnastykur	800.000
Heimsókn á American Museum of Natural History í New York	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Hönnunarsafn Íslands</b>		<b>1.755.000</b>
SVEINN KJARVAL 100 ára	Aðalúthlutun – verkefnastykur	1.500.000
Farskóli safnmanna 2020	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	255.000
<b>Iðnaðarsafnið Akureyri</b>		<b>1.600.000</b>
- Rekstrarstyrkur		500.000
Skráning í Sarp	Aðalúthlutun – verkefnastykur	800.000
Vegna farskóla í Vestmannaeyjum 16. – 18. september 2020	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Íslandsdeild ICOM</b>		<b>850.000</b>
Alþjóðlegi safnadagurinn	Aðalúthlutun – verkefnastykur	850.000
<b>Landbúnaðarsafn Íslands</b>		<b>2.100.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Skráning safnmuna og rannsóknir á þeim	Aðalúthlutun – verkefnastykur	700.000
Uppbygging gestastofa á friðlandi fugla	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
Virkari þátttaka barna á landbúnaðarsafni	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Listasafn ASÍ</b>		<b>2.400.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Vinnuheiti: Meistaraverk úr safni Ragnars í Smára	Aðalúthlutun – verkefnastykur	1.600.000
<b>Listasafn Árnesinga</b>		<b>3.700.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Huglæg rými	Aðalúthlutun – verkefnastykur	1.300.000
Kitlur (sýnishorn tísera) frá Listasafni Árnesinga	Aðalúthlutun – verkefnastykur	1.000.000
Farskóli safnmanna 2020	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
Námskeið við Haystack Mountain School of Crafts	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	300.000
<b>Listasafn Reykjanesbæjar</b>		<b>4.500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Betri heimur - Listsýning barna í tengslum við barnamenningarhátíð í Reykjanesbæ	Aðalúthlutun - verkefnastykur	700.000
Pólsk grafíklist á Íslandi	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.500.000
Yfirlitssýning á verkum Guðjóns Ketilssonar	Aðalúthlutun - verkefnastykur	1.500.000
<b>Listasafn Reykjavíkur</b>		<b>6.500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Gagnvirk leiðsögn í sýningarsölum	Aðalúthlutun - verkefnastykur	900.000
Magnús Pálsson - Yfirlitssýning	Aðalúthlutun - verkefnastykur	2.000.000

Umsækjandi Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkupp hæð
Sýningaröð í Ásmundarsafni	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	800.000
Sölvi Helgason	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.100.000
Miðlun LR - kynnisferð	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Náms- og kynnisferð starfsmanna Listasafns Reykjavíkur til Noregs haustið 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Ráðstefna: Varðveisla og miðlun tímatengdrar myndlistar á söfnum	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Listasafnið á Akureyri</b>		<b>2.700.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Sköpun bernskunnar	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.600.000
Farskóli safnmanna 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Menningarmiðstöð Hornafjarðar</b>		<b>1.500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Stafræn miðlun í Sarp	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	700.000
<b>Menningarmiðstöð Þingeyinga</b>		<b>2.300.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Að sækja björg í björg	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.500.000
<b>Minjasafn Austurlands</b>		<b>2.180.000</b>
- Rekstrarstyrkur		1.000.000
Málþing og námskeiðaröð Minjasafns Austurlands og Handverks- og hústjórnarskólans á Hallormsstað	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	400.000
Farskóli safnmanna 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	260.000
Forvörslunámskeið fyrir safnafólk á Austurlandi	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	220.000
Landsbyggðarráðstefna Minjasafns Austurlands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Minjasafn Egils Ólafssonar</b>		<b>2.255.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Látrabjarg og víkurnar	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.000.000
Tálknaféð - Útgáfa	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	300.000
Símenntun	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	155.000
<b>Minjasafnið á Akureyri</b>		<b>5.000.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Akureyri 1862 – Ísland 1595	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	2.000.000
Nýtt Davíðshús?	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	800.000
Skráning Smámunasafnsins	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	500.000
Amsterdam - safnaheimsóknir	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Sarpur - skráningarnámskeið	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Vestmannaeyjar og Hafnafjörður - Farskóli 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Minjasafnið á Bustarfelli</b>		<b>1.700.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Gamlar búvélar - forvarsla	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	450.000
Varðveisla menningararfða - Bustarfellsdagurinn	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	450.000
<b>Nathalie Jacqueminet</b>		<b>1.350.000</b>
Handbók um gerð sýninga með áherslu á varðveislu og uppsetningu gripa	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.350.000



Umsækjandi Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkupp hæð
<b>Náttúrufræðistofa Kópavogs</b>		<b>4.100.000</b>
- Rekstrarstyrkur		1.000.000
Fjölskyldustundir óháð tungumáli - vísindi og sköpun mættast	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	800.000
Margmiðlun grunnsýningar	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	2.300.000
<b>Nýlistasafnið</b>		<b>1.150.000</b>
...og hvað svo ?	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	850.000
Heimsókn starfsmanna Nýlistasafnsins til Kunsternes Hus, Osló	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands</b>		<b>600.000</b>
Saga listasafn á Íslandi	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	600.000
<b>Safnasafnið</b>		<b>2.850.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Nordic Outsider Craft; norræn farandsýning í Safnasafninu sumarið 2019	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	600.000
Skráning í SARP-verkhluti 3: Ljósmyndun safnmuna og skráning á SARP	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	800.000
Sýnisbók Safneignar - Kikó Korrió	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	500.000
Námskeið og fræðsla um Sólheimastarf	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	150.000
<b>Sagnheimar</b>		<b>1.750.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Farsæll til framtíðar	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	850.000
Kvikmyndafilmur, meðferð og umhirða	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	100.000
<b>Sauðfjársetur á Ströndum</b>		<b>3.050.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Flakkarar & förufólk	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	850.000
Vefjan mikla	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	900.000
Farskóli safnmanna í Eyjum	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	200.000
Svæðisbundna minjagripasmiðjan	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Síldarminjasafn Íslands</b>		<b>2.100.000</b>
Varðveislurými í Salthúsi	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.500.000
Farskóli 2020	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
Safngeymslur - safnað í sarpinn	Aukaúthlutun - símenntunarstyrkur	300.000
<b>Sjóminjasafn Austurlands</b>		<b>2.000.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Ljósmyndun- og skráning safnmuna í Sarp	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.200.000
<b>Tækniminjasafn Austurlands</b>		<b>2.358.000</b>
- Rekstrarstyrkur		800.000
Samstarf um framlag til sögu prents og prentiðnar - klisjusafn	Aðalúthlutun - verkefnastyrkur	1.400.000
FÍSOS meeting 16. – 18. September 2020	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	100.000
Sarpur - námskeið 4. maí 2020	Aukaúthlutun – símenntunarstyrkur	58.000
<b>Veiðisafnið</b>		<b>500.000</b>
- Rekstrarstyrkur		500.000
<b>SAMTALS ÚTHLUTUN 2019</b>		<b>126.036.800</b>

## b) Greining á úthlutun úr safnasjóði 2019

Að jafnaði eru tvær úthlutanir á ári úr safnasjóði. Aðalúthlutun úr safnasjóði er á fyrsta ársfjórðungi og er umsóknarfrestur fyrir þá úthlutun að jafnaði í lok árs árið áður. Veittir eru rekstrarstyrkir og verkefna-  
styrkir til viðurkenndra auk þess sem önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísar, setur og sýningar geta sótt um styrk úr safnasjóði í samstarfi við viðurkennd söfn, þar sem viðurkennda safnið er ábyrgðaraðili. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær.

Aukaúthlutun safnasjóðs er í lok árs. Þá geta viðurkennd söfn sótt um styrki sem tileinkaðar eru símenntun.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins, leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt. Safnaráð gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fá ekki styrk úr sjóðnum.

Í aðalúthlutun var sótt um 142 verkefnastyrki en veittir voru styrkir til 85 verkefna að heildarupphæð 84,3 m.kr. Rekstrarstyrkjum var úthlutað til 37 safna og námu þeir samtals 29,6 m.kr.

Upphæðir rekstrarstyrkja voru á bilinu 500.000 – 1.000.000 kr. Viðurkennd söfn, sem fá rekstrarstyrk á fjárlögum eða önnur rekstrarframlög á fjárlögum, og viðurkennd söfn í ríkiseigu geta ekki hlotið rekstrarstyrk úr safnasjóði. Upphæðir verkefnastyrkja voru á bilinu 300.000 kr. – 2.500.000 kr. og það safn sem fékk flesta verkefnastyrki fékk 6 talsins.

Í aukaúthlutun safnasjóðs var 49 styrkjum úthlutað til 29 safna að heildarupphæð 12,2 m.kr. Heildarúthlutun 2019 var því 126.036.800 kr. til 169 styrkja sem er næsthæsta heildarúthlutun úr safnasjóði frá upphafi. Það skýrist m.a. af þeirri staðreynd að safnasjóður fær ekki að nýta afgangsfé úr verkefnum á milli ára. Því var allt afgangsfé sjóðsins nýtt í aukaúthlutun 2019, jafnvel það sem hafði verið eyrnamerkt til annarra verkefna. Allir sem sóttu um í aukaúthlutun sjóðsins árið 2019 fengu styrk.

Viðurkennd söfn, sem njóta styrkja úr safnasjóði, má flokka sem menningarminjasöfn (ýmist almenn byggðasöfn eða sérsöfn af einhverju tagi), listasöfn, náttúruminjasöfn og söfn með blandaða starfsemi. Hér fyrir neðan má sjá töflu yfir skiptingu styrkja á milli ólíkra gerða safna á árinu 2019.


43 viðurkenndum söfnum voru úthlutaðir styrkir af einhverju tagi úr safnasjóði en auk viðurkenndra safna fengu fimm aðrir aðilar (fimm sem ekki teljast til safna og einn einstaklingur) úthlutað verkefnastyrkjum úr sjóðnum en safnalög nr. 141/2011 heimila slíka úthlutun.

Tegund starfsemi	Fj.	Rekstrarstyrkir	Fj.	Verkefna- styrkir	Fj.	Símenntunar- styrkir	Fj.	Heildar-styrk- upphæð
<b>Blönduð starfsemi</b>	3	2.400.000	3	3.100.000	3	230.000	1	5.730.000
<b>Listasafn</b>	10	6.600.000	8	24.350.000	22	3.705.000	13	34.655.000
<b>Menningar- minjasafn</b>	26	18.100.000	23	44.300.000	48	7.651.800	31	70.051.800
<b>Náttúruminja- safn</b>	3	2.500.000	3	5.100.000	4	600.000	2	8.200.000
<b>Aðrir aðilar</b>	5			7.400.000	8			7.400.000
<b>Alls</b>	47	29.600.000	37	84.250.000	85	12.186.800	47	126.036.800


Tafla a sýnir skiptingu styrkja eftir gerð safna eða annara aðila

### c) Safnasjóður 2002-2019

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum á eigin fjárlaganúmeri, 02-918, og hefur ekki aðrar tekjur að jafnaði. Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun heildarframlaga í safnasjóð frá upphafi með tilliti til úthlutunar.



Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun skiptingar úthlutunar úr safnasjóði milli verkefna- og rekstrarstyrkja frá upphafi, eða frá 2002. Þar sjást vel þær áherslubreytingar sem orðið hafa í úthlutun sjóðsins, frá rekstrarstyrkjum yfir í verkefnastyrki. Samkvæmt núverandi safnalögum, má nýta allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til rekstrarstyrkja en frá árinu 2010 hefur hlutfall rekstrarstyrkja farið lækkandi. Hlutfall rekstrarstyrkja var hæst árið 2009, þá 98%, en var 22% árið 2018.



# C. Viðurki – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2018

Frá árinu 2014 hafa viðurkennd söfn skilað *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* en það er hluti af eftirliti safnaráðs með viðurkenndum söfnum. Skýrslan gefur upplýsingar um liðið rekstrarár og því eru upplýsingar sem birtast hér úr *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna 2019* frá rekstrarárinu 2018.

Úr gögnunum má lesa upplýsingar um rekstur þeirra safna sem njóta styrkja úr sjóðnum og fá yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun fjármagns í safnastarfi á landsvísu. Sömuleiðis koma fram í þessum gögnum upplýsingar um gestafjölda, fjölda starfsmanna og stöðu skráningarmála. Upplýsingar bárust frá 45 söfnum, viðurkennd söfn eru 46 en nægar upplýsingar bárust ekki frá einu safni. Samanburðarhæfar upplýsingar um fjárhag bárust frá 43 söfnum en tvö söfn í eigu sveitarfélaga, sem rekin eru með öðrum menningarstofnunum, geta ekki greint að fullu hvar kostnaður og tekjur lenda.

## a) Eignarhald / rekstrarform

Eitt safn er í ríkiseigu, 16 söfn eru sjálfseignarstofnanir en flest söfnin eru í eigu sveitarfélaga eða 28 talsins.

Meðaltekjur 26 safna í eigu sveitarfélaga eru tæpar 118 m.kr. og hafa aukist á milli ára. Tekjumunur safna í eigu sveitarfélaga er mikill, það safn sem hefur lægstu tekjurnar er með 5,5 m.kr. í árstekjur en það hæsta er með 771 m.kr. Tvö söfn skera sig þarna úr hvað varðar árstekjur; söfn Reykjavíkurborgar, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafnið. Þau eru með 42% af heildartekjum safna í eigu sveitarfélaga og 38% af heildartekjum 43 viðurkenndra safna. Meðaltekjur safna í eigu sveitarfélaga án þessara tveggja safna eru 71 m.kr. og lækka þá heildartekjurnar um 1.356 m.kr., fara úr 3.062 m.kr. í 1.706 m.kr.

Meðaltekjur sjálfseignarstofnana eru 28,5 m.kr. og hækka aðeins frá fyrra ári, eftir að hafa staðið í stað eða lækkað árin á undan.

Tafla C-1 sýnir skiptingu tekna eftir rekstrarformi

Eignarhald/rekstrarform	Heildartekjur	Fjöldi safna	Meðaltekjur
Stofnun í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga	3.061.804.161	26	117.761.699
Sjálfseignarstofnun	456.226.552	16	28.514.160
Ríkisstofnun	48.253.709	1	48.253.709
43 viðurkennd söfn	3.566.284.422	43	82.936.847

## b) Rekstrartekjur


Heildarrekstrartekjur 43 viðurkenndra safna árið 2018 voru tæpir 3,6 ma.kr. og er það tæp 8% hækkun eða rétt rúmar 260 m.kr. á milli ára. Upplýsingar frá 2017 fylgja til glöggvunar en árið 2017 bárust upplýsingar frá 45 söfnum svo raunhækkun gæti verið meiri.

Athugið að uppgefnir styrkir úr safnasjóði eru ekki alltaf hinir sömu og veittir eru á hverju ári, það fer eftir því á hvaða ári styrkurinn er bókfærður hjá safni. T.d. er algengt að símenntunarstyrkir séu bókfærðir ári eftir að þeir fást. Augljóst er þó að bókfærðir styrkir til nokkurra ára eru lægri en heildarstyrkveiting frá safnaráði á sama tímabili. Því má gera ráð fyrir því að í sumum tilfellum séu styrkir bókaðir undir öðrum styrkflokkum.

Heildartekjur 43 viðurkenndra safna	2017	2018
Framlag eigenda – ef við á	2.153.037.569	2.297.885.575
Styrkir úr safnasjóði	91.944.790	104.003.760
Styrkir frá ríki	94.951.674	156.651.255
Styrkir úr sóknaráætlunum og álíka	48.790.000	69.814.617
Styrkir, aðrir	53.008.698	90.146.858
Sértekjur, aðgangur	545.878.136	506.890.546
Sértekjur, aðrar	257.739.631	269.608.485
Aðrar tekjur	68.629.993	71.283.326
	3.313.980.491	3.566.284.422

Tafla e


Eigendur safna eða bakhjarlar þeirra láta söfnum í té 64% tekna, aðgangseyrir og aðrar sértekjur dekla 24%. Styrkir eru alls 12% tekna, þarf af eru styrkir út safnasjóði og aðrir styrkir úr ríkissjóði 7% heildar tekna. Hluti af fé úr sóknaráætlunum/uppbyggingarsjóðum kemur frá ríkissjóði og hluti frá sveitarfélögum.




**Rekstrartekjur á safn**

Meðaltekjur 43 safna voru 82,9 m.kr., sem er hækkun frá fyrra ári um 13%, eða 9,3 m.kr. Heildarrekstrartekjur fjögurra safna voru undir 10 m.kr. á árinu og áhyggjuefni er hve hægt gengur að auka við tekjur minnstu safnanna. Erfitt er að sjá hvernig safn eigi að ná að sinna öllum þeim skyldum sem fylgja því að vera viðurkennt safn, með svo lítið rekstrarfé á milli handanna.

19 söfn voru með heildarrekstrartekjur undir 40 m.kr. og því miður fjölgar í þeim hópi safna, sem er mikið áhyggjuefni. Það er hins vegar ánægjuefni að fleiri söfn ná ríflega 100 m.kr. í tekjur og eru nú níu talsins, fjölgar um tvö söfn frá fyrra ári. Þessi sjö söfn eru með 2.211 m.kr. í heildartekjur; 62% af heildartekjum allra viðurkenndra safna. Þar af eru tvö í þeim hópi með 38% af heildartekjunum. Það eru söfn í eigu Reykjavíkurborgar; Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þeirra súlur sem appelsínugular lengst til hægri. Þær sprengja kvarðann allverulega, enda eru tekjur hvors safns fyrir sig 585 m.kr. og 771 m.kr. Meðaltekjur safnanna, án þessara tveggja safna, eru 53,9 m.kr.



## c) Rekstrargjöld



Upplýsingum um rekstrargjöld safnanna er skipt í launakostnað, húsnæðiskostnað (leigugjöld, afborganir lána og rekstrarkostnað húsnæðis), verkefnakostnað og annan kostnað. Heildarrekstrargjöld safnanna 43 voru 3.575 m.kr.

Hlutfall alls húsnæðiskostnaðar af rekstri safnanna er samtals 27% eða 953 m.kr. Þá er átt við leigugreiðslur, greiðslur af húsnæðislánum og annan rekstrarkostnað húsnæðis, s.s. tryggingar, orkukostnað og öryggisvöktun. 26 söfn greiddu einhverja leigu og var hún að meðaltali 24,8 m.kr. Sex söfn greiddu af húsnæðislánum og 13 söfn gefa hvorki upp leigukostnað né lána-

kostnað.

Átján söfn greiða 15% eða minna af rekstrarkostnaði í húsnæði en sex söfn verja 45% eða hærra hlutfalli til í slíks kostnaðar. Tvö þeirra safna, sem greiða hæsta hlutfall húsnæðiskostnaðar, eru í eigu sveitarfélaga, annað um 46% og hitt 52%, og er að mestu um að ræða innri leigu á húsnæðinu. Ekki er hægt að segja að það sé eðlilegt hlutfall af rekstrarfé safna sem er rekið af sveitarfélagi.

Hlutfall launagjalda er 51% eða 1.700 m.kr. Líkt og fyrri ár, greiddu tvö söfn engin laun árið 2018. Lægsta hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum hjá þeim sem greiddu laun var 19% og hæsta hlutfall launakostnaðar var 87% af heildarkostnaði.

Meðalhlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði var 54% hjá þeim söfnum sem greiddu laun. Meðaltal launakostnaðar hjá söfnunum var 41,4 m.kr. árið 2018 og er það hækkun frá fyrra ári um rúmar 4 m.kr. eða 11%. Án tveggja stærstu safnanna er meðaltal launakostnaðar 29,0 m.kr. sem er 10% hækkun frá fyrra ári.

Ef skoðuð er rekstrarniðurstaða safnanna, skila sextán söfn rekstrarhalla, allt frá rúmum 18 þ.kr. til rúmlega 30 m.kr. Átján söfn skila rekstrarhagnaði, frá 270 þúsundum til 11,9 m.kr.

Ljóst er að í sumum tilfellum er þeim tölulegu upplýsingum um rekstur safnanna sem berast safnaráði í *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* ábótavant, reynsla fyrri ár sýnir það. Þetta kemur berlega í ljós þegar rýnt er í tölur eins og þær birtast í ársskýrslum hvers safns og þær bornar saman við *Árlegu skýrsluna*. Flest söfn setja inn réttar upplýsingar en of margir safnstjórar hafa ekki nægilegan skilning á rekstri síns eigin safns og setja inn rangar upplýsingar eða þær vantar. Þeir safnstjórar, sem stýra sjálfseignarstofunum, eru að jafnaði með réttar og góðar upplýsingar en flest þeirra safna þar sem upplýsingar skortir, eru rekin af sveitarfélögum. Af því má draga þá ályktun að safnstjórar þeirra safna fái oft stuðning við fjárhagsrekstur frá eigendum sínum, sem er vel, en tölurnar vilja skekkjast.

## d) Gestafjöldi

Upplýsingar um gestafjölda bárust frá 45 söfnum. Heildargestafjöldinn hjá þessum 45 söfnum var 1.234.349 gestir árið 2017 en þeim fækkar árið 2018 og eru þá 1.146.334, sem er fækkun upp á rúm 7%. Þetta er áhyggjuefni, lítil eða enginn raunvöxtur er í gestafjölda síðustu ár hjá viðurkenndum söfnum.

Gestafjöldi safnanna árið 2018 var frá 1.019 gestum til 223.958 gesta. Þessi mikli munur er skýrt merki um þann grundvallarmun sem er á rekstrarumhverfi viðurkenndra safna. Meðalgestafjöldi var 27.430 og fengu fjögur aðgangshæstu söfnin 622 þúsund gesti<sup>9</sup>, eða rúm 54%. Árið 2017 fengu þessi fjögur söfn 735 þúsund gesti, svo fækkunin er mest hjá þeim, því ef meðaltalið er skoðað án gesta þessara fjögurra safna, er gestafjöldinn 12.785 gestir sem er 5% fjölgun.

27 söfn reyna að flokka gestakomur sínar nokkuð nákvæmlega en þó er ekki hægt að sýna þær upplýsingar með tölfræðilegum hætti þar sem nokkur munur er á skilgreiningu hvers flokks. Æskilegt væri að söfn tækju sig á í skráningum gesta.

### Gestafjöldi eftir landsvæðum

Ef skoðuð er skipting eftir staðsetningu safna, kemur glögglega í ljós að söfnin á landsbyggðinni búa við önnur skilyrði en söfn á höfuðborgarsvæðinu. Jafnmörg söfn eru á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu, 12 talsins, en meðalfjöldi gesta er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu. Austurland er með fæsta gesti á safni en á Suðurnesjum er fljótt á litið eins og meðalgestafjöldi sé einstaklega hár. Á því er skýring. Byggðasafn og Listasafn Reykjanesbæjar eru í sama húsnæðinu og telja saman inn gestina. Ekki er gerður munur á því hvort safnið heimsótt, svo heildarfjöldi gesta er 31.845. Rétt meðaltal á Suðurnesjum er því 15.923 gestir og er það næsthæsti meðalgestafjöldinn.

Landsvæði	Fjöldi safna	Heildarfjöldi gesta	Meðalfjöldi gesta
Höfuðborgarsvæðið	12	726.355	60.530
Norðurland	12	185.410	15.451
Suðurland	7	109.823	15.689
Vesturland	5	26.261	5.252
Austurland	4	13.233	3.308
Vestfirðir	3	21.562	7.187
Suðurnes	2	63.690	31.845
	45	1.146.334	139.262

## e) Aðgangseyrir

35 söfn af 45 innheimta að jafnaði aðgangseyri en á 10 söfnum er ókeypis að fara á safnið. Aðgangseyrir fyrir fullorðna fullborgandi gesti er frá 800 kr. upp í 2.000 kr. Meðaltal aðgangseyris er 1.234 kr. Einungis fjögur söfn rukka aðgangseyri fyrir börn, frá 300 kr. til 750 kr. 30 söfn rukka aðgangseyri fyrir eldri borgara, frá 500 kr. til 1.500 kr., meðaltalið er 930 kr. Aðgangseyrir fyrir hópa er að jafnaði lægri en fyrir staka gesti, 35 söfn eru með sérstaka verðskrá fyrir hópa og meðalverðið er 951 kr.

<sup>9</sup> Fjögur aðgangshæstu söfn Íslands: Byggðasafnið í Skógum, Grasagarður Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur.



## f) Starfsmannamál


Hjá 32 söfnum er forstöðumaður í 100% starfshlutfalli, líkt og á fyrra ári. Hjá tveimur þessara safna er forstöðumaður í ólaunuðu starfi, hjá einu safni er forstöðumaður í 30% starfshlutfalli, hjá 9 söfnum er forstöðumaður í 50-60% starfi og á þremur söfnum er forstöðumaður í 70-80% starfshlutfalli.

Heildarfjöldi ársverka 2018 var 199,9 og er það aukning um 4,3 ársverk. Tvö söfn segja að engin ársverk hafi verið unnin en á báðum þessara safna eru starfsmenn í sjálfboðavinnu.

Á milli árána 2016 og 2017 fjölgaði um 13,1 ársverk en á milli árána 2015 og 2016 hafði ársverkum fækkað um heil 31,7 ársverk. Óvíst er af hverju þessi mikli sláttur er á milli ára er en hluti af skýringunni getur verið að það vefjist fyrir forstöðumönnum að skilgreina *ársverk*. Einnig gæti hér skipt máli að Sarpur hefur byggt verðskrá sína á ársverkfjölda þeirra safna sem nota Sarp og fær þær upplýsingar meðal annars frá safnaráði. Auðvelt er að ímynda sér að forstöðumenn hafa staðið frammi fyrir ákveðnum freistnivanda, þ.e. þeim að skrá færri ársverk en eru í raun unnin á söfnunum.

Meðaltal ársverka var 4,6 og hækkar úr 4,5 ársverkum frá fyrra ári. Reykjavíkursöfnin tvö voru með 59,1 ársverk 2018 (57,4 ársverk árið 2017) og án þeirra tveggja lækkar meðaltal ársverka í 3,4.

Á þessum 45 söfnum starfa 379 starfsmenn, sem er hækkan frá fyrra ári (þá 360 starfsmenn). Eins og oft hefur verið haldið fram, þá virðist safnastarf vera kvennastarf en 261 starfsmaður, 69% af starfslíði safnanna, eru konur. Af forstöðumönnum safna gegna karlar starfi forstöðumanns hjá 17 söfnum, eða 38%, og konur veita 28 söfnum forstöðu, eða 62%.



Ánægjulegt er að sjá að meðalstarfsmannafjöldi eftir tegund safna er að jafnast með árunum. Jafnmargir starfsmenn eru að meðaltali á menningarminjasöfnum og listasöfnum (8,5), á náttúruminjasöfnum eru þau að jafnaði ögn fleiri (8,6) og á söfnum með blandaða starfsemi heildur færri (7,3). Þó ber að athuga að fjöldi starfsmanna segir ekki til um ársverkin, eingöngu hve margir starfsmenn eru á launaskrá. Þannig getur starfshlutfall verið lágt þó starfsmenn séu margir. Hjá listasöfnum og í söfnum með blandaða starfsemi eru konur um 77% starfsmanna, hjá menningarminjasöfnum eru konur 68% starfsmanna en mesta jafnræðið virðist vera á

náttúruminjasöfnum en þar eru 44% starfsmanna karlar og 56% konur.

### g) Staða skráningar viðurkenndra safna

Fjörutíu og fjögur söfn gáfu upplýsingar um fjölda safngripa og telur hann tæplega níu milljónir gripa, eða 9.814.467 gripi alls. Þau söfn, sem eiga flesta safngripi, eru Borgarsögusafn Reykjavíkur með rúmlega 6,3 milljónir safngripa og Minjasafnið á Akureyri með rúmlega 3 milljónir safngripa. Í þessum tilfellum eru ljósmyndir bróðurparturinn af safnkostinum. Meðaltal safneignar, ef frá eru talin þessi tvö söfn, er 10.998 safngripir.

Fjörutíu söfn gáfu upp hlutfall safngripa sem eru skráðir stafrænt. Meðaltal stafrænnar skráningar safngripa er 69%, allt frá 1% til 100%, og lækkar meðaltalið lítillega á milli ára. Það þarf þó ekki að vera neikvæð þróun, því skýringin liggur í því að nákvæmari gögn eru á bak við það hvaða gripir eru skráðir og í tilfalli þeirra safna sem eiga stór ljósmyndasöfn, getur þetta átt sér eðlilegar skýringar. 19 söfn hafa skráð 90-100% af safnkosti sínum rafrænt og sjá má öfuga fylgni þegar hlutfall skráningar er borið saman við stærð safnkosts. Því minni safnkostur, því herra hlutfall skráningar.

Af 45 viðurkenndum söfnum, nota 37 menningarsögulega gagnasafnið Sarp og er safnkostur þeirra að einhverjum hluta aðgengilegur á ytri vef Sarps. Átta söfn nota annað skráningarkerfi, tvö söfn eru með sérhönnuð forrit og sex söfn eru með blöndu af ýmsum lausnum.



SAFNARÁÐ  
The Museum Council of Iceland

Samþykkt af safnaráði  
25. september 2020